

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis á Þórshöfn á fundi sínum 20. júní 2024.

Breytingin á skipulaginu felst í því að fjórar lóðir, Markholt 3, Markholt 5, Háholt 4 og Háholt 6, sameinast í eina lóð sem verður eftir breytingu Háholt 4. Einn byggingarreitur verður á sameinaðri lóð þar sem gert er ráð fyrir minna byggingarmagni en var á lóðunum fjórum. Að öðru leyti gildir áfram deiliskipulagið frá 14. nóvember 2019 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Langanesbyggðar, 7. október 2024,

Arnar Birgir Ólafsson skipulagsráðgjafi.

B-deild – Útgáfudagur: 22. október 2024